

um ræðir í 1. gr. og ótollafgreiddar eru á þeim tíma. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 223 25. maí 1987 um sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim og reglugerðir nr. 109/1988, 335/1989 og 229/1990 um breytingu á þeirri reglugerð.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1993.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

## VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 246, 14. júní 1993, um loðnuveiðar 1993/1994.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 3. gr. sbr. reglugerð nr. 286, 26. júlí 1993, er loðnuskipum heimilt á tímabilinu frá kl. 16.00, 22. nóvember til kl. 20.00 að kvöldi 6. desember n.k. að stunda loðnuveiðar sunnan og vestan þeirrar línu, sem tilgreind er í 1. gr. reglugerðar nr. 286, 26. júlí 1993.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1993, um stjórn fiskveiða og laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. nóvember 1993.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Þórður Eyþórsson.*